

Nd.

675. Nefndarálit

um frv. til l. um nýtizku ullarverksmiðju ríkisins í Hafnarfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur klotnað um málið. Meiri hlutinn vill láta vikja málinu frá umræðu með rökstuddri dagskrá á þeim forsendum, að ekki sé hyggilegt að hefja byggingu nýrrar ullarverksmiðju, þar sem þær ullarverksmiðjur, sem fyrir eru, geti unnið alla ull landsmanna.

Það er upplýst samkvæmt upplýsingum, sem iðnaðarnefnd hafa borizt, að fyrirhugað er og út hafa verið gefin leyfi fyrir auknum vélakosti til þriggja, eða nánar tiltekið tveggja ullarverksmiðja, Gefjunar og Álafoss, sem leiða mun til þess, að auka má ullarvinnsluna upp í allt að 680 tonn á ári.

Hins vegar er að dómi sérfræðings ullarframleiðslan mun meiri, og getur og mun stórlega vaxa, ef einhver rækt er við hana lögð.

Vorullin ein er ca. 900 smálestir. Mundi hún aukast við betri fóðrun og meiri nýtingu (t. d. almennri rúningu), auk þess er haustull ca. 500 tonn, sem mundi aukast að sama skapi sem notaðar væru fleiri gærur eða sútunariðnaðurinn yxi.

Ég tel því fram komnar upplýsingar sanna, að þörf sé þeirrar ullarverksmiðju, er frumvarpið gerir ráð fyrir, og legg því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. marz 1948.

Hermann Guðmundsson.